

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



20. október 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 162. mál á 151. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda o.fl.)

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi þessu er það samið að tilstuðlan Hagsmunasamtaka heimilanna. Með frumvarpinu er stefnt að því að fella öll innheimtufyrirtæki undir sömu lagareglur er varða leyfisskyldu og eftirlit, óháð persónulegri stöðu endanlegra eigenda þeirra. Þannig er ætlunin að tryggja betur jafnræði og efla réttaröryggi neytenda á fjármálamarkaði.

Nýlega var frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán vegna svokallaðra smálána samþykkt á Alþingi. Af því tilefni vilja samtökin vekja athygli á því að frumvarp þetta er mikilvægur liður í því að stemma stigu við innheimtu lána með ólögmetan kostnað, með því að fella öll innheimtufyrirtæki undir leyfisskyldu og valdsvið Fjármálaeftirlitsins.

Fram kemur í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 718. í 223. máli á 150. löggj. að vinna sé í gangi í dómsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti við að að skýra betur reglur um starfsemi löginneheimtuaðila og eftirlit með starfseminni. Meirihlutinn hvetur til að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er og frumvarp verði lagt fram á vorþingi.

Af þessu tilefni benda Hagsmunasamtök heimilanna á að þau helstu atriði sem samtökin telja þurfa að skerpa á í innheimtulögum koma nú þegar fram í því frumvarpi sem hér um ræðir. Samtökin leggja því til að frumvarp þetta verði tekið sem fyrst á dagskrá Alþingis og vísað til meðferðar viðkomandi nefndar, en neytendamál falla undir allsherjar- og menntamálanefnd. Við þinglega meðferð málsins væri eðlilegt að leita eftir tillögum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem innheimtulög heyra undir, en frumvarpið nær þó ekki yfir löginneheimtu, sem fellur utan gildissviðs innheimtulaga skv. 2. másl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Loks vísa samtökin til umsagnar þeirra um 223. mál á 150. löggjafarþingi varðandi neytendalán, þar sem var nánar fjallað um skilvirk úrræði til að koma böndum á ólögmetna lánastarfsemi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



Efnahags- og viðskiptanefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2021

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008, 162. mál.

Neytendasamtökin vísa í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis dags 24. febrúar sl. þar sem samtökunum var gefinn kostur á að skila inn umsögn um framangreint frumvarp.

Á undanförunum árum, og þá sérstaklega í tengslum við baráttu samtakanna gegn ólögðum smálánum, hefur úrræðaleysi og skortur á eftirliti með innheimtustarfsemi aðila sem eiga að falla undir eftirlit Lögmannafélagsins verið mikið undrunarefni.

Að mati Neytendasamtakanna er það t.a.m. engin tilviljun að innheimtufélagið sem hefur verið hvað mest áberandi er kemur að innheimtu smálána sé í eigu lögmanns og lúti þ.a.l. ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þess ber einnig að geta að einhver stærri innheimtufélög sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins eru í nánú samstarfi við innheimtufélög í eigu eins lögmanns, að því er virðist með það að marki að vikja sér undan raunverulegu eftirliti með innheimtustarfseminni.

Með því að fara þessa leið geta fyrirtæki komist hjá leyfisveitingu og komið sér undan eftirliti og brjóti þau gegn innheimtulögum eru engin raunhæf úrræði til staðar. Vissulega er hægt að senda kærur til úrskurðarnefndar lögmanna telji fólk á sér brotið en sú leið er að mati samtakanna ófullnægjandi og íþyngjandi fyrir neytendur. Það er ekki síst vegna þess að lögmaður getur áfram brotið gegn innheimtulögum þrátt fyrir að hafa hlotið aðfinnslu eða jafnvel áminningu úrskurðarnefndar og neytandinn því ekkert betur settur. Þá er óeðlilegt að fólk sé sett í þá stöðu að þurfa að senda inn rökstudda kærur telji það á sér brotið gagnvart lögmanni í stað þess að eftirlitsaðili taki kvörtun til skoðunar og rannsaki hvort brot hafi átt sér stað. Eru samtökin þeirrar skoðunar að eðlilegra væri að eftirlit með frum- og milliinnheimtustarfsemi væri allt á sömu hendi, þ.e. hjá Fjármálaeftirlitinu óháð því hver það er sem sér um innheimtuna. Byggist sú skoðun m.a. á skýrleika, bæði hvað varðar valdheimildir sem og að það liggja ljóst fyrir hvert neytendur geti leitað í málum er varða ágreining um innheimtustarfsemi.

Neytendasamtökin telja umrætt frumvarp mikilvægt skref í rétta átt sem getur stemmt stigu við því að lögaðilum sé gagngert komið á fót til að stunda innheimtustarfsemi án eftirlits.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 05.03.2021
Tilv. 2021/0206 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 162. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 24. febrúar 2021, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 162. mál.

Neytendastofa óskar eftir því að koma að eftirfarandi athugasemdum.

Athugasemd við 2. gr.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins felur í sér viðbót við ákvæði 6. gr. laganna þar sem fjallað er um góða innheimtuhætti. Samkvæmt gildandi ákvæðum 6. gr. skulu innheimtuaðilar viðhafa góða innheimtuhætti og er nánar tiltekið að óhæfilegur þrýstingur geti talist brjóta í bága við góða innheimtuhætti. Um óhæfilegan þrýsting er að öðru leyti ekki fjallað í lögnum.

Með fyrri málsgrein 2. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega verði tiltekið að það teljist andstætt góðum innheimtuháttum að krefjast hærri innheimtukostnaðar en heimilt sé samkvæmt gildandi lögum. Neytendastofa telur ákvæði fela í sér endurtekningu á 12. gr. laganna og reglugerðar settri með stoð í þeim, sem kveður á um hámarksfjárhæðir innheimtukostnaðar. Þá má benda á að úrræði eftirlitsaðila er hið sama, hvort sem um er að ræða brot gegn 7. eða 12. gr. Að mati Neytendastofu er ákvæðið því óþarft og vandséð að hvaða leyti hagsmunir neytenda er betur varðir með ákvæðinu.

Stofnunin vill jafnframt benda á að í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er til þess vísað að ákvæðið eigi við svo sem vegna neytendaláns. Að öðru leyti er ekki að finna skýringu á því hvers vegna innheimta á grundvelli laganna sem er tilkomin vegna neytendaláns sé sérstaklega tiltekin umfram innheimtu vegna krafna sem til eru komnar af öðrum samningum.

Athugasemd við b. lið 3. gr.

Orðalagi ákvæðisins hefur verið breytt frá því frumvarpið var lagt fram síðast, þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda Neytendastofu um orðalag þess. Stofnunin telur orðalagsbreytinguna til mikilla bóta en þó er það enn afstaða stofnunarinnar að ákvæðið sé óþarft.

Stofnunin vill benda á að hún telur engan vafa vera á því að lög 57/2005, um eftirlit með

viðskiptaháttum og markaðssetningu, taki til hvers kyns viðskiptahátta þ.m.t. innheimtustarfsemi. Það leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að brot á lögum nr. 95/2008 teljist vera óréttmætir viðskiptahættir sem Neytendastofa getur brugðist við. Neytendastofa yrði því að taka til meðferðar og meta í hverju tilviki hvort brot gegn lögum nr. 95/2008 teljist jafnframt brot gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt lögum nr. 57/2005.

Í því samhengi vill Neytendastofa benda á að á grundvelli laga nr. 57/2005 hefur stofnunin tekið ákvarðanir vegna markaðssetningar og viðskiptahátta gagnvart fjármálafyrirtækjum og vegna matvæla og lyfja svo dæmi séu tekin. Þó hefur aldrei komið til álita eða verið talin þörf á að vísa til þess að stofnunin hafi slíkt eftirlit í þeim sérlögum sem um starfsemina eða vörurnar gilda.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir



9. mars. 2021
Tilv.: 20102219

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 151. löggjafarþing, 162. mál


Með tölvupósti dags. 24. febrúar 2021 óskaði efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp. Seðlabankinn sendi umsögn um hliðstætt frumvarp (á 150. löggjafarþingi, 158. mál.) 11. mars 2020.


Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á innheimtulögum. Nánar tiltekið er lagt til að lögaðilar í eigu lögmanna og lögmannsstofa hafi ekki lengur heimild til að stunda innheimtu fyrir aðra nema að fengnu innheimtuleyfi. Tilgangurinn er að tryggja að aðilar komist ekki hjá starfsleyfisskyldu með því að skráðir eigendur þeirra séu lögmenn og eins til að jafna samkeppnisstöðu innheimtuaðila.

Seðlabanki Íslands vekur athygli á að með breytingum á innheimtulögum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/2018, voru tekin af öll tvímæli um hverjir fari með eftirlit með innheimtustarfsemi lögaðila í eigu lögmanna. Sambærilegt ákvæði hefur auk þess verið í reglum um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum frá árinu 2008, sbr. 2. gr. núgildandi reglna nr. 981/2016. Seðlabankinn telur því ljóst að lögaðilar í eigu lögmanna eða lögmannsstofa séu undir eftirliti að því er varðar innheimtustarfsemi og er ósammála því sem sagt er í greinargerð að innheimtuaðilar geti starfað án eftirlits.

Seðlabankinn tekur ekki afstöðu til frumvarpsins að öðru leyti.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastj. lagalegs
eftirlits og vettvangsath.


Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra